

Miðvikudaginn 7. febrúar 1951.

Nr. 116/1950. **Ákærvaldið** (Jón Ólafsson hdl.)

gegn

**Guðmundi Arngrímssyni** (Sigurður Ólason).

Setudómari próf. **Ármann Snævarr**  
í stað hrd. **Jónatans Hallvarðssonar.**

Lögreglumaður fremur ólöglega handtöku.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Gunnar Jónsson héraðsdómslögmaður hefur samkvæmt umboðsskrá kveðið upp héraðsdóminn.

Unnusta ákærða þóttist hafa skynjað, að séra Pétur Magnússon væri maður sá, er hún kveður hafa verið aðfaranætur 16. og 19. janúar 1950 á ferli utan við og í grennd við húsið nr. 18A við Óðinsgötu. Klukkan var um eitt, er stúlkan varð mannsins vör aðfaranótt hins 16. janúar. Kvaddi hún þá föður sinn til, og tjáist hann hafa talið sig þekkja séra Pétur. Birta var þó ekki góð, er þau horfðu á manninn, og var hann í nokkurri fjarlægð. Páll Magnússon lögfræðingur, kona Páls og starfsstúlka þeirra bera, að séra Pétur hafi verið á heimili þeirra aðfaranótt þess 16. janúar. Frú Guðlaug Magnúsdóttir og Jón Bjarnason fulltrúi, Túngötu 16, bera, að séra Pétur hafi verið á heimili þeirra fram til kl. rúmlega 12 aðfaranótt hins 19. janúar, og eitt vitni á Spítalastíg 7 kveður ljós hafa verið komið í herbergi séra Péturs kl. rúmlega 12, en myrkur hafi verið þar áður, og segist vitnið mundu hafa orðið þess vart, ef nokkur hefði farið út eftir það, enda hafi vitnið ekki verið sofnað, er lögreglan kom til að handtaka séra Pétur. Með tilvísun til þess, sem nú hefur verið rakið, brestur algerlega sönnun fyrir því, að séra Pétur hafi verið maður sá, er var á ferli utan við og í grennd við húsið nr. 18A við Óðinsgötu umræddar nætur. Grunur ákærða um það, að séra Pétur væri maður sá, er sást á ferli utan nefnds húss, réttlætti á engan hátt það, að ákærði réðst kl. að ganga 3 með aðstoð fjögurra lögreglumanna inn til séra Péturs, þar sem hann hvíldi í rekkju sinni, handtók hann með talsverðum harðræð-

um og færði hann á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar til yfirheyrslu. Varðar þessi verknaður ákærða við 131. gr. hegningarlaganna, og þykir refsing hans samkvæmt málavöxtum og með hliðsjón af því, að honum hefur verið vikið frá starfa sínum, hæfilega ákveðin 20 daga varðhald.

Ákærði greiði allan kostnað af sökinni bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda í héraði, kr. 1500.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00 til hvors.

Það er aðfinnsluvert, að vitni hafa ekki verið eiðfest.

#### Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Arngrímsson, sæti varðhaldi 20 daga.

Ákærði greiði allan kostnað af sökinni, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda í héraði, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1500.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, cand. jur. Jóns Ólafssonar og hæstaréttarlögmanns Sigurðar Ólasonar, kr. 2000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Sératkvæði

**Jóns Ásbjörnssonar hrd. og prófessors Ármanns Snævars.**

Við erum samþykkir röksemdaleiðslu og ályktunum meiri hluta dómendanna, að öðru leyti en refsingu varðar. Þegar þess er gætt, að séra Pétur Magnússon hlaut engin meiðsl af aðförum ákærða og að ákærði lét hann þegar í stað lausan, er hann hafði haldið honum á skrifstofu sinni í salakynnum rannsóknarlögreglunnar í rúma klukkustund til þess að taka af honum skýrslu, teljum við refsingu ákærða, sem látið hefur af lögreglumannsstarfi sökum máls þessa, hæfilega ákveðna 2500 króna sekt til ríkissjóðs. Verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms, komi 20 daga varðhald í hennar stað.

Dómsorð okkar yrði þá á þessa leið:

Ákærði, Guðmundur Arngrímsson, greiði 2500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað af sökinni, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda í héraði, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1500.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, cand. jur. Jóns Ólafssonar og hæstaréttarlögmanns Sigurðar Ólasonar, kr. 2000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur aukaréttar Reykjavíkur 5. júní 1950.**

Mál þetta er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn ákærða fyrir brot gegn XIV. kafla hegningarlaganna nr. 19 frá 1940 til refsingar og málskostnaðargreiðslu.

Ákærði er Guðmundur Arngrímsson, til heimilis Bergstaðastræti 45 í Reykjavík. Hann er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 31. október 1923 í Bolungavík.

Hann hefur aldrei áður sætt kæru eða refsingu fyrir nokkurt lagabrot. Málavextir eru, eftir því sem upplýst er í málinu, þessir:

Um kl. rúmlega 1 aðfaranótt mánudags 16. jan. s.l. lá ung stúlka, Helga Bachmann að nafni, vakandi í rúmi sínu í herbergi sínu í suðausturhlið hússins Óðinsgata 18 A, en hún býr í herbergi þessu ásamt ungu barni sínu og unnusta hennar, ákærða í máli þessu. Hún kveðst hafa verið að lesa, er hún hafi heyrt gengið um mölina fyrir framan austurglugga herbergis hennar og farið inn í garð, sem er við suðurgافل hússins. Annar gluggi á herbergi Helgu veit út að garðinum. Eru í þeim glugga fjórar jafnstórar rúður, hver við hliðina á annarri. Var austasta rúðan opnanleg og var örlítið opin. Var rifan ekki svo víð, að hægt væri að koma fingri á milli. Þegar sá, er úti var, hafi verið kominn inn í garðinn, kveðst Helga hafa orðið vör við, að eitthvað var verið að bjástra við gluggann að utanverðu, og hafi haldið, að verið væri að reyna að opna gluggann alveg. Kveðst hún nú hafa farið fram úr rúminu, út úr herberginu og að herbergisdýrum föður síns, Hallgríms Bachmanns, og kallað inn til hans, að verið væri að reyna að komast inn í herbergi sitt, inn um gluggann. Hallgrímur, er kveðst hafa verið að háttá, segist hafa farið í eitthvað af fötum, farið strax inn til Helgu og sagt henni að slökkva ljósið í herberginu,

svo betra væri að sjá út. Er Helga hafði slökkt ljósið, hafi þau farið bæði út að austurglugga og horft út um hann. Sáu þau þá mann, er var að fara upp steintröppur, er liggja af lóðinni fyrir framan húsið og upp á gangstétt Óðinsgötu. Gekk maður þessi norður eftir gangstéttinni, um 10 metra frá tröppunum og að suðurgafli hússins nr. 18 við Óðinsgötu, en það hús stendur alveg við gangstéttina. Þegar maður þessi var kominn að suðurgafli hússins Óðinsgötu 18, kveður Hallgrímur mann þenna hafa litið í kringum sig, snúið sér síðan að húsinu Óðinsgötu 18 A og horft þangað. Hafi maðurinn staðið þannig minnst  $1\frac{1}{2}$ —2 mínútur, síðan gengið nokkur skref suður eftir gangstéttinni, en þá snúið við og gengið norður eftir gangstéttinni og horfið fyrir húsið Óðinsgötu 18. Þóttust þau feðginin örugglega þekkja, að þetta væri séra Pétur Magnússon frá Vallanesi. Kveðst Helga þekkja séra Pétur vel, frá því hún var nemandi í hús-mæðraskólanum að Hallormsstað, en þar hafi hún verið námsmey tvo vetur. Hallgrímur kveðst hafa séð séra Pétur einu sinni, þá nokkrum mánuðum áður. Hafi séra Pétur þá komið heim til hans og hafi þeir talað lengi saman.

Helga kveðst hafa verið óhrædd, er umrætt atvik bar að höndum, vegna þess að hún var ekki ein í húsinu.

Er maðurinn var horfinn, kveðst Hallgrímur hafa sagt dóttur sinni að kveikja ekki ljós aftur í herberginu, en fara að sofa. Hafi þau síðan farið bæði að sofa.

Næsta dag, eftir kl. 14, kveðst Helga hafa verið stödd í verzluninni Síld og Fisk við Bergstaðastræti. Hafi hún þá séð séra Pétur Magnússon ganga þar fram hjá ásamt tveimur mönnum. Hafi hann þá verið eins klæddur og um nóttina, í aðskornum frakka, með trefil um hálsinn, ljósari heldur en frakkann, og með hatt.

Kveðst Helga þá hafa farið rակleitt niður á skrifstofu rannsóknarlög-reglunnar á Frikkirkjuveg 11 til að hitta unnusta sinn, ákærða. Hafi hún þá skýrt honum nákvæmlega frá því, er við hafði borið um nóttina, og að hún hefði rétt áður séð séra Pétur í sama frakkanum, með sama trefil og hatt og hann hefði verið með um nóttina. Kveðst hún hafa skýrt ákærða frá þessu í þeim tilgangi einum, að hann gæfi séra Pétri áminningu, til þess að hann endurtæki ekki slíka heimsókn.

Ákærði hefur skýrt frá því í réttarrannsókninni, að um kl. 24 aðfaranótt mánudags 16. jan. s.l. hafi hann gengið frá heimili sínu, Bergstaðastræti 45, norður það stræti og ætlað niður í bæ. Hafi hann þá mætt manni, sem gengið hafi suður Bergstaðastræti, verið fullur og sönglað drykkjuvisu. Hefur hann gefið nákvæma lýsingu á manni þessum. Hann hafi verið meðalmaður á hæð, rýr um herðar og gildur um miðju, með dökkbláan hatt á höfði, í dökkum þykkum, aðskornum frakka, klæddur dökkleitum buxum og með skóhlífar á fótum, með gráan ullartrefil um hálsinn og með gleraugu. Enn fleiri einkennum þessa manns lýsti ákærði.

Þegar Helga hafði skýrt ákærða frá atvikinu, er komið hafði fyrir um nóttina, kveður ákærði sér hafa virzt sterkar líkur vera fyrir því, að maður sá, er hann hafi mætt um nóttina, fullum og sönglandi á Berg-

staðastræti, hafi verið séra Pétur. Kveðst ákærði hafa ætlað að tala við sakadómara um þetta, en hafi haft svo mikið að gera mánudaginn 16. jan., þriðjudag 17. jan. og miðvikudag 18. jan., að hann hafi ekki haft tækifæri til þess, og auk þess hafi hann vonað, að maðurinn, er hann taldi vera séra Pétur Magnússon, myndi sjá að sér og ekki fremja slíkan verknað aftur, eins og ákærði hefur komizt að orði.

Aðfaranótt fimmtudags 19. jan. s.l., um kl. 1, kveðst Helga Bachmann hafa verið háttuð, legið í rúmi sínu og verið að lesa í bók. Hafi hún þá heyrt, að gengið var suður með austurglugga herbergis hennar, garðhliðið opnað og gengið að suðurglugga herbergisins. Hafi henni virzt sá, er úti var, stoppa við gluggann, síðan ganga fram og til baka. Ekki kveður hún, að komið hafi verið við gluggann eða reynt að opna hann. En allt í einu kveðst hún hafa séð andlit á glugganum, milli gluggatjaldsins, sem ekki hafi verið alveg dregið niður, og gluggakistunnar. Hún kveðst ekki hafa séð andlitið greinilega, vegna þess að ljós var í herberginu, en hún hafi séð, að það glampaði á gleraugu og mótaði fyrir hatti. Hafi henni fundizt strax hún þekkja þarna séra Pétur aftur. Kveðst hún nú hafa slökkt ljósið í herberginu, farið fram úr rúminu og að síma, sem sé í herbergi hennar, og hafi síðan hringt heim til ákærða, er býr þarna skammt frá. Ákærði hafi strax svarað í símann, og hafi hún skýrt honum frá, að séra Pétur væri kominn aftur eða eitthvað á þá leið, og hafi þá ákærði sagt henni að hringja á lögreglustöðina og hringja svo í sig. Hún hafi síðan hringt á lögregluvarðstofuna og skýrt frá því, að maður væri úti í garðinum við húsið Óðinsgötu 18 A og væri að kíkja inn um glugga. Er hún hringdi til ákærða og lögregluvarðstofunnar, kveðst hún hafa talið götin á símaskifunni, er hún valdi númerin. Að loknu samtalinu við lögregluvarðstofuna, kveðst hún hafa farið að austurglugga herbergisins, með því að hún hafi þá heyrt í mannum þar úti fyrir. Hafi hún horft út um gluggann og séð alveg örugglega, að séra Pétur Magnússon var þar. Hafi hann verið hálf boginn og sér hafi virzt hann ætlaði að fara að horfa inn um gluggann. Segir hún, að séra Pétur hafi þá beygt sig niður fyrir gluggann. Síðan hafi hún ekki orðið neitt meira vör við séra Pétur, og ekki hafi hún heyrt, er hann fór frá húsinu. Kveðst hún halda, að það geti stafað af því, að rigning hafi verið og runnið úr rennu af húspakinu og niður á steinsteypta stétt, er sé framan við innganginn inn í húsið.

Örstuttu eftir að Helga hringdi á lögregluvarðstofuna, kveður hún, að lögreglumenn hafi komið. Skýrði hún lögreglumönnum ekki frá nafni séra Péturs, vegna þess að hún segist ekki hafa ætlazt til, að meira yrði úr málinu. Fyrir lögreglumönnum lýsti hún mannum þannig, að hann væri meðal maður á hæð, klæddur dökkleiturum frakka, með dökkan hatt á höfði og með gleraugu, og hafi sér heyrt á fótataki mannsins, að þetta myndi vera miðaldra maður. Kveður hún lögreglumennina hafa spurt sig, hvort hún þekkti manninn, en hún hafi neitað því.

Lögreglumennirnir leituðu nú umhverfis húsið og í nágrenni þess, en urðu einskis varir. Eftir nokkra stund kom ákærði til lögreglumannanna,

þar sem þeir voru við húsið, og það þá leita betur í nágrenni hússins, en sú leit þar heldur engan árangur, og eftir nokkra stund kom ákærði og lögreglumennirnir að lögreglubifreiðinni, er beið uppi á götunni. Spurði ákærði nú lögreglumennina, hvort þeir þekktu séra Pétur Magnússon frá Vallanesi, því sterkur grunur lægi á því, að það væri hann, sem þarna hefði verið.

Þeir ákærði og götulögreglumennirnir stigu síðan upp í bifreiðina, og var ekið þarna um næstu götur. Eftir beiðni ákærða hafði stjórnandi bifreiðarinnar, Friðrik Jónsson lögreglumaður, samband við lögregluvarðstofuna gegnum talstöð bifreiðarinnar og spurði stöðvarmanninn, Matthías Guðmundsson lögreglumann, hvort hann gæti upplýst, hvar séra Pétur Magnússon ætti heima, en Matthías gat ekki upplýst það. Bað ákærði Friðrik þá að biðja þá á varðstofunni að hringja út á afgreiðslu Morgunblaðsins og spyrjast fyrir um þetta, en afgreiðslan gat engar upplýsingar gefið. Bað ákærði þá um, að hringt væri til einhvers af ritstjórum Morgunblaðsins. Mun Valtýr Stefánsson ritstjóri hafa gefið þær upplýsingar, að séra Pétur myndi sennilega halda til hjá bróður sínum, Páli Magnússyni lögfræðingi, eða hann gæti gefið upplýsingar um, hvar séra Pétur héldi til.

Nú var ekið til lögreglustöðvarinnar, og hringdi ákærði frá varðstofunni heim til Páls Magnússonar lögfræðings. Mun klukkan þá hafa verið rúmlega 1.30. Kona Páls, frú Sigríður Pétursdóttir, kom í símann. Tjáði ákærði henni, að þetta væri lögreglan, og spurði hana, hvort maður, að nafni Pétur Magnússon, væri heimilismaður hjá henni. Hún svaraði því, að svo væri ekki, en séra Pétur hefði herbergi á Spítalastíg 7. Kveðst hún hafa spurt, hvort eitthvað hefði komið fyrir. Tjáði ákærði henni, að hann ætlaði að handtaka séra Pétur. Hún kveðst þá hafa sagt: „Ætlið þér að handtaka séra Pétur Magnússon frá Vallanesi? Er það ekki einhver annar, sem þér eigið við?“ Hafi ákærði svarað því neitandi, en endurtekið, að hann ætlaði að handtaka séra Pétur. Hún kveðst þá hafa beðið ákærða að bíða í símanum, meðan hún næði í mann sinn, en ákærði hafi svarað því, að maður hennar gæti haft samband við sig næsta morgun, kl. 10.

Páll Magnússon, sem heyrði, hvað kona hans sagði í símann, kom nú í símann og virðist hafa spurt um ástæðuna til handtökunnar, en ákærði virðist hafa svarað því, að hann gæti ekki svarað því í símanum. Tjáði ákærði Páli, að honum væri heimilt að koma eftir 20 mínútur niður á lögreglustöð, að því er Páli skildist.

Er samtalinu við Pál Magnússon var lokið, bað ákærði Friðrik Jónsson lögreglumann að koma með sér, og bað Friðrik lögreglumennina Sigurjón Á. Ingason, Indriða A. Jóhannsson og Gest S. Sveinsson að koma með honum og ákærða. Fóru þeir í einni af bifreiðum lögreglunnar, og var ekið að húsinu Spítalastíg 7. Var bifreiðin stöðvuð rétt fyrir ofan innganginn inn í húsið.

Ákærði og götulögreglumennirnir fóru út úr bifreiðinni. Ákærði bankaði fyrst á útidyr hússins, en þar sem enginn kom til dyra, bankaði hann í glugga vinstra megin við innganginn inn í húsið. Kom stúlka út í gluggann, og að vörmu spori voru útidyrnar opnaðar. Spurði ákærði þann, er

opnaði dyrnar, hvar herbergi séra Péturs væri. Var ákærða bent á dyrnar að því herbergi gegnt útidyrum.

Ákærði barði þar að dyrum. Var svarað inni: „Kom inn.“ Gekk ákærði þá inn í herbergið og götulögreglumennirnir á eftir honum. Dimmt var í herberginu. Spurði ákærði, er hann hafði opnað dyrnar, hvort séra Pétur Magnússon væri þar. Virðist ákærði þá hafa kynnt sig sem Guðmund Arngrímsson rannsóknarlögreglumann. Einn af lögreglumönnunum reyndi að kveikja ljós í herberginu, en tókst ekki. Fór þá séra Pétur fram úr rúmi sínu á náttklæðum og kveikti. Ákærði sagði nú séra Pétri að klæða sig strax og flýta sér. Spurði séra Pétur þá, hverju það sætti, að rannsóknarlögreglan réðist inn til sín með þessum hætti um hánótt, en ákærði svaraði því til, að honum yrði skýrt frá því síðar, eða eitthvað í þá átt.

Fór séra Pétur nú að leita að fötum sínum og segist hafa farið sér hægt, eins og hann sé vanur, þegar hann klæðist. Varð honum dálítill leit að nærbuxum sínum, er hann hafði skotið inn í hólfi á skrifborði í herberginu, þegar hann háttaði. Sagði þá ákærði við séra Pétur, að ef hann ekki flýtti sér, yrði hann tekinn, eins og hann stæði.

Séra Pétri kveðst hafa dottið í hug, að menn þeir, er voru með ákærða, kynnu að vera útlendingar, er komizt hefðu yfir einkennisbúninga íslenzkra lögreglumanna. Spurði hann þá lögreglumennina, hvort þeir töluðu íslenzku, og svöruðu þeir honum á íslenzku, og kveðst hann þá hafa séð, að hann var í höndum íslenzku lögreglunnar.

Séra Pétur hélt nú áfram að klæða sig og spurði, hvað gerzt hefði, er heimilaði handtöku á einum af prestum íslenzku þjóðkirkjunnar. Er ekki ljóst, hverju ákærði svaraði þessu. Ákærði kveðst hafa þrisvar jafnvel fjórum sinnum hvatt séra Pétur eindregið til að flýta sér.

Er séra Pétur var að klæða sig, sneri hann sér eitt sinn að lögreglumönnunum og sagði eitthvað á þá leið, að hann léti þá vita, að hann hefði viðkvæmar taugar, sem stafaði af því, að hann væri vangæfur með svefn, og að þeir skyldu vera viðbúnir að svara þungri ábyrgð, ef næturheimsókn þessi, ruddaskapur og það, sem á eftir kynni að fara, bakaði honum heilsumissi.

Þegar séra Pétur var langt kominn að klæða sig, það ákærði Friðrik Jónsson lögreglumann að fara yfir í næstu íbúð til að spyrjast fyrir um, hvort fólkíð þar gæti gefið nokkrar upplýsingar um, hvenær séra Pétur hefði komið heim. Hitti hann fyrir stúlku, er sagðist hafa litið út um eldhúsglugga íbúðarinnar kl. rúmlega 12, og þá hafi verið ljós í herbergi hans. Minnst Friðrik ekki, að ákærði spurði hann nokkurs, hvers hann hafi orðið vísari, en segir, að það geti þó verið, að hann hafi gert það.

Þegar séra Pétur hafði klætt sig, það ákærði hann að fara í þá yfirhöfn, er hann hefði verið í þá um kvöldið, og er séra Pétur tók frakka sinn út úr klæðaskáp í herberginu, sagði ákærði: „Þarna er frakkinn. Ætli maður þekki hann ekki“, eða eitthvað í þá átt. Þegar séra Pétur tók trefillinn út úr skápnum, sagði ákærði: „Þarna er grái trefillinn“, og er séra Pétur tók fram hattinn, sagði ákærði: „Þarna er blái hatturinn“,

og er regnhlíf var tekin fram, sagði ákærði: „Þarna er regnhlífín“. Er séra Pétur tók fram skóhlífarnar, sagði ákærði: „Þarna eru skóhlífarnar“. Sagði þá séra Pétur: „Ég þykist eiga þessar skóhlífar. Ég hef ekki stolið þeim.“

Nú var lagt af stað út úr herberginu. Gekk séra Pétur fyrstur, þá ákærði og síðan götulögreglumennirnir. Er þeir voru komnir fram á ganginn, kom Páll Magnússon. Sagði séra Pétur við Pál með kaldhæðni, að verið væri að taka sig fastan, að því er virtist út af frakka sínum, hatti, skóhlífum og regnhlíf. Sagði Páll þá við séra Pétur, að hann skyldi vera rólegur, ekki væri annað að gera en að fara með lögreglunni.

Þegar séra Pétur var rétt kominn að bifreiðinni, segir hann, að sér hafi verið hrundið aftan frá og hann hefði fallið áfram á götuna, ef hann hefði ekki getað komið fyrir sig höndunum á gangbretti aftan á lögreglubifreiðinni. Kveðst hann ekki vita, hver hrinti, en taldi öruggt, að ákærði hefði gert það, enda enginn af lögreglumönnum aðhafzt neitt nema hann. Páll Magnússon kveðst hafa orðið var við, að séra Pétri var hrint harkalega og sýnilega í reiði, en ekki kveðst hann hafa séð, hver það gerði, en kveðst ekki vera í vafa um, að ákærði gerði það. Enginn af götulögreglumönnum varð var við, að séra Pétri væri hrint, og ákærði hefur eindregið neitað því. Segir ákærði, að séra Pétur hafi hálfpartinn hrasað, er hann steig niður af gangstéttinni, og kveðst hann hafa tekið undir hægri hönd séra Péturs til að verja hann falli.

Verður að telja ósannað, að ákærði hafi hrint séra Pétri eða að séra Pétri hafi verið hrint.

Séra Pétur fór síðan inn í lögreglubifreiðina ásamt ákærða og götulögreglumönnum. Var fyrst ekið niður á lögreglustöð, vegna þess að það var ætlun ákærða að yfirheyra séra Pétur þar, en Friðrik Jónsson benti ákærða á, að það væri ekki heppilegt að fara með séra Pétur þangað, vegna þess að þar væri svo litið húsnæði. Ákvað ákærði að fara með séra Pétur til skrifstofu sinnar hjá rannsóknarlögreglunni á Fríkirkjuvegi 11.

Þegar komið var niður á lögreglustöð, virðist klukkuna hafa vantað 20 mínútur í 3, eftir því sem Gestur S. Sveinsson lögreglumaður hefur skýrt frá, en hann kveðst hafa litið á klukkuna þá. Fóru lögreglumennirnir Gestur og Indriði inn á lögreglustöð, en Friðrik Jónsson fékk þá Sigurjón Ingason og Einar Halldórsson lögreglumenn til að koma með sér og ákærða suður á Fríkirkjuveg 11 eftir beiðni ákærða. Ók Friðrik þeim síðan suður á Fríkirkjuveg 11, og fóru þeir ákærði, séra Pétur og götulögreglumennirnir Sigurjón og Einar inn í húsið, en Friðrik ók lögreglubílnum niður á lögreglustöð.

Fór ákærði með séra Pétur inn í skrifstofuherbergi sitt, en þeir Sigurjón og Einar biðu frammi á ganginum.

Ákærði virðist strax hafa farið að spyrja séra Pétur, hvar hann hafi verið mánudagskvöldið 16. jan., um miðnætti aðfaranótt þriðjudags 17. jan. og miðvikudagskvöld 18. jan. Virðist séra Pétur ekki hafa munað, hvar hann var mánudagskvöldið, en skýrði ákærða frá því, að miðviku-

dagskvöldið hafi hann verið á Túngötu 16 og farið rակleitt heim aðfaranótt 19., búið um sig og háttað.

Skömmu eftir að ákærði og séra Pétur voru komnir inn í herbergi ákærða, kom Páll Magnússon og fór þegar inn í herbergi ákærða.

Eftir því sem næst verður komizt, virðist Páll mjög fljótlega, eftir að hann kom inn í herbergið, hafa spurt ákærða, hvað um væri að vera. Lét þá ákærði séra Pétur fara fram á ganginn og lagði fyrir götulögreglu-mennina að tala ekkert við séra Pétur. Þegar þeir ákærði og Páll voru orðnir einir í herberginu, skýrði ákærði Páli frá því, að Helga Bachmann hefði staðið séra Pétur að því að gera tvívegis tilraun til að brjótast inn í húsið Óðinsgötu 18 A og, í fyrra skiptið hafi verið vitni að því. Segir Páll, að ákærði hafi sagt, að fyrra skiptið hafi verið aðfaranótt þriðjudags 17. jan. s.l., en síðara skiptið hafi verið þá um nóttina um kl. 1. Hafi ákærði sagzt hafa sjálfur mætt séra Pétri fullum og sönglandi kl. 12 aðfaranótt þriðjudags.

Þeir ákærði og Páll virðast hafa talað saman einir inn í herberginu dálitla stund, og var síðan séra Pétur látinn koma inn aftur.

Skýrði ákærði séra Pétri þá fyrst frá því, hvaða sakir væru á hendur honum, og skýrði honum frá, að Helga Bachmann hefði tvívegis staðið hann að því að gera tilraun til að brjótast inn í húsið Óðinsgötu 18 A.

Virðist ákærði nú hafa haldið áfram að spyrja séra Pétur ýtarlega um ferðir hans mánudagskvöld og aðfaranótt þriðjudags 17. jan. og miðvikudagskvöld 18. jan. og virðist hafa borið á hann, að hann hafi verið fullur og sönglandi á Bergstaðastræti um miðnætti aðfaranótt 17. jan.

Þeir séra Pétur og Páll gátu ekki munað, hvar séra Pétur hafði verið mánudagskvöldið 16. jan. Hringdi Páll til konu sinnar og spurði hana, hvar hann og séra Pétur hefðu verið mánudagskvöldið 16. jan. Svaraði hún því, að séra Pétur hefði það kvöld verið heima hjá þeim hjónunum. Sagði Páll ákærða, hvað kona hans hefði sagt. Séra Pétur bað ákærða um vatn að drekka, og segist ákærði tvívegis hafa spurt hann, hvort hann væri þurr í munn, vegna þess að hann vissi á sig sökina.

Páll virðist hafa krafizt þess, að yfirheyrslunni yfir séra Pétri væri hætt, og virðist hafa lent í nokkru þvargi milli þeirra ákærða og Páls, og virðist ákærði þá hafa sagt Páli að fara út. Barði Páll í borðið, stappaði niður fótunum og sagði eitthvað á þá leið, að ákærði væri óhæfur til að gegna starfi sínu. Sagðist hann fara heim til sakadómara og vekja hann upp. Fór Páll síðan út úr herberginu og fram á ganginn. Spurði hann lögregluþjónana, hvort ákærði væri með öllum mjalla og hver væri næsti yfirmaður ákærða. Svöruðu þeir því, að það væri Sveinn Sæmundsson yfirlögreluþjónn. Spurði Páll þá, hvort hann gæti komizt þarna einhverstaðar í síma, en þeir tjáðu honum, að þeir hefðu engan aðgang að síma þarna. Skildist lögreglumönnum, að Páll ætlaði að hringja í annanhvorn þeirra sakadómara eða Svein Sæmundsson yfirlög-regluþjón.

Fór nú Páll aftur inn í skrifstofuherbergi ákærða. Spurði hann ákærða, hvort séra Pétur væri búinn að fá vatn að drekka. Svaraði ákærði því

neitandi, og engar ráðstafanir gerði ákærði til, að séra Pétur fengi vatn.

Yfirheyrslan hélt nú áfram, og virðist ákærði aðallega hafa spurt séra Pétur um ferðir hans miðvikudagskvöldið 18. jan., og svaraði séra Pétur því, að hann hefði það kvöld verið hjá Guðlaugu Magnúsdóttur og syni hennar Jóni Bjarnasyni, fulltrúa borgardómara, Túngötu 16, til kl. um 12, farið þaðan beint heim til sín á Spítalastíg 7, háttað og lagzt til svefns.

Hringdi Páll nú til Jóns Bjarnasonar og það hann að koma tafarlaust niður á skrifstofur rannsóknarlögreglunnar. Kom Jón eftir stutta stund.

Ákærði skýrði Jóni Bjarnasyni frá því, að séra Pétur væri sakaður um að hafa komið á glugga í húsi við Óðinsgötu, hjá dóttur Hallgríms Bachmanns kl. rúmlega 1 þá um nóttina. Þetta hefði og komið fyrir áður, aðfaranótt þriðjudags 17. jan., um sama leyti og hann (ákærði) hefði þá mætt séra Pétri fullum og sönglandi á Bergstaðastræti kl. um 24. Jón kveðst hafa tekið þessu sem fjarstæðu. Stakk hann upp á því við ákærða, að málið yrði látið bíða til morguns. Féllst ákærði strax á það og bað Pál og séra Pétur að hafa samband við sig eftir hádegi þenna dag. Var séra Pétri þá leyft að fara.

Ekki varð úr frekari yfirheyrslum hjá rannsóknarlögreglunni í málinu, en séra Pétur kærði ákærða samdægurs fyrir ólöglega handtöku, og var skipaður sérstakur dómari sama dag til að fara með málið.

Verða nú raktir framburðir ákærða, séra Péturs og nokkurra annarra.

Ákærði, Guðmundur Arngrímsson, kveðst hafa hringt heim til Páls Magnússonar frá lögreglustöðinni aðfaranótt 19. jan., og hafi kona Páls komið í símann. Hafi hann spurt um dvalarstað séra Péturs, sagt, hver hann væri og hvaðan hann hringdi. Hún hafi spurt um erindi hans við séra Pétur, en hann hafi sagt, að hann gæti ekki skýrt henni frá því símleiðis. Hafi Páll síðan komið í símann og hafi spurt hins sama, og kveðst hann hafa svarað Páli á sama hátt. Hafi Páll sagt, að séra Pétur byggji á Spítalastíg 7, fyrstu hæð. Er ákærði ásamt götulögreglumönnunum fór inn í herbergi séra Péturs, kveðst hann hafa skýrt séra Pétri frá nafni sínu og því jafnframt, að hann ætti við hann brýnt erindi. Hafi séra Pétur orðið ókvæða við orð sín, fyrst fölnað og verið sýnilega mjög óstyrkur og beðið ákærða að skýra strax frá erindi sínu. Í síðara réttarhaldi breytti ákærði framburði sínum um þetta atriði og sagði þá, að þegar hann hafi sagt við séra Pétur, að hann ætti við hann brýnt erindi, hafi sig furðað á því, að séra Pétur skyldi ekki spyrja strax, hvert erindið væri, og kveðst hafa spurt hann, hvort hann vildi ekki vita, hvaða sakir væru á hann bornar, og hafi þá séra Pétur sagt vita það. Ákærði og þeir lögregluþjónarnir væru kommúnistiskir samsærismenn. Við sampröfun við Friðrik Jónsson játar ákærði, að séra Pétur hafi strax í upphafi sagt á þessa leið: „Er eitthvað sérstakt að“. Ákærði neitar því að hafa sagt við séra Pétur heima hjá honum, að ef séra Pétur væri að draga tímann, yrði hann tekinn, eins og hann væri, með valdi eða neitt í þá átt, en hann kveðst þrisvar, jafnvel fjórum sinnum hafa hvatt séra Pétur til að flýta sér að klæða sig. Hann neitar því að hafa nokkurn tíma minnt á tugthúsið við Skólavörðustíg við séra Pétur, séra Pétur

væri sannur að sök, ætti að fara í „steininn“ og að séra Pétur mundi ekki fljótlega koma aftur í herbergi sitt. Hann kveður séra Pétur hafa spurt sig ýtarlega um valdsvið sitt og að vafalaust hafi hann spurt sig um rétt hans til handtökunnar. Segist ákærði hafa reynt að skýra fyrir séra Pétri, að ekki væri um handtöku að ræða. Hann kveðst hafa sagt séra Pétri þar heima, að hann fengist við rannsókn ýmiss konar glæpamála og alls konar mála, bæði merkilegra og ómerkilegra. Hann kveður séra Pétur hafa borið sér á brýn, að hann væri kommúnisti og kommúnistiskur samsærismaður eða að honum væri stefnt gegn sér af kommúnistiskri samsærisklíku o. fl. í þessa átt. Seint í réttarhöldunum segist ákærði hafa skýrt séra Pétri frá því heima í herbergi hans, að séra Pétur væri ekki skyldugur að koma með þeim lögreglumönnum. Hann væri ekki skyldugur að svara neinum spurningum öðrum en um nafn og heimili, fæðingardag, fæðingarstað og fæðingarár og það, sem séra Pétur segði, kynni að verða bókað og notað sem sönnunargagn á móti honum.

Þegar þeir ákærði, götulögreglumennirnir og séra Pétur voru að fara út úr húsinu Spítalastíg 7, segir ákærði, að séra Pétur hafi sagt við Pál Magnússon, að lögreglumennirnir hlytu allir að vera stór bilaðir andlega og myndu vera kommúnistiskir samsærismenn. Hann hefði verið beittur rússnesku ofbeldi. Hafi Páll beðið séra Pétur að vera rólegur.

Er þeir ákærði og séra Pétur voru komnir inn í skrifstofu ákærða, hafi hann fyrst reynt að spyrja séra Pétur, hvar hann hefði verið seinni-hluta kvölds síðastliðins sunnudags 15. jan. og fyrrihluta aðfaranætur mánu dags 16. jan. Í síðari réttarhöldum segist hann hafa spurt séra Pétur um ferðir hans sunnudagskvöld 15. jan., aðfaranótt mánu dags, mánu dagskvölds 16. jan. og aðfaranótt þriðjudags 17. jan. auk miðvikudagskvölds og aðfaranætur fimmtudags 19. jan. Kveðst hann hafa gert þetta til að reyna minni þeirra séra Péturs og Páls. Hann kveðst hafa boðið Páli uppá að láta málið falla niður. Hann segir, að Páll hafi hringt til konu sinnar til að spyrja, hvort henni væri kunnugt um ferðir séra Péturs, en Páll hafi ekki getað hugsað skýrt og hafi spurningar hans verið væflur einar. Hann kveðst hafa beðið Pál að hringja í Jón Bjarnason, og hafi Jón brátt komið. Segir ákærði, að í viðtalinu við Jón geti verið, að hann hafi mismælt sig eða hagað orðum sínum þannig, vegna þess að hann hafi verið orðinn þreyttur og illa fyrir kallaður, að Jón hafi haft ástæðu til að halda, að hann væri ekki viss, hvora nóttina, aðfaranótt mánu dags 16. jan. eða aðfaranótt þriðjudags, það hefði verið, sem séra Pétur hefði átt að koma á glugga á Óðinsgötu 18 A og hann hefði mætt honum fullum og sönglandi á Bergstaðastræti þá nokkru áður.

Séra Pétur Magnússon hefur skýrt svo frá, að þegar ákærði ásamt götulögreglumönnum hafi gengið inn í herbergi hans, hafi ákærði sagt með rostafullri röddu, að hann ætti að klæðast samstundis og koma með þeim. Kveðst hann hafa spurt, hvað þessi skipun ætti að þýða, og hafi ákærði þá sagt, að þetta væri rannsóknarlögreglan. Hafi hann þá spurt, hverju það sætti, að rannsóknarlögreglan réðist inn til sín með þessum hætti um hánótt. Hafi ákærði þá sagt, að frá því yrði skýrt síðar. Það,

sem hann hefði að gera, væri að koma tafarlaust með þeim. Hann kveðst nú hafa farið að klæða sig, og hafi honum orðið ofurlítill leit að nærbuxum sínum. Hafi ákærði þá vaðið að sér og sagt, að ef hann ætlaði að gera tilraun til að draga tímann, yrði hann tekinn fastur, eins og hann væri, með valdi. Hann segir, að sér hafi flogið í hug, að lögreglumennirnir væru e. t. v. útlendingar, sem hefðu komizt yfir einkennisbúninga íslenzkra lögregluþjóna, og e. t. v. ætti að fara með sig á afvikinn stað til líkrar fyrirgreiðslu og Kai Munch á sínum tíma, eins og hann komst að orði. Hann kveðst hafa spurt ákærða, hvað heimilaði handtöku á einum af prestum íslenzku þjóðkirkjunnar með þessum hætti. Hafi þá ákærði nefnt innbrot og þjófnað, sem framinn hefði verið um kvöldið, og hann hefði verið staðinn að verki þá fyrir stundu og margir menn væru vitni að því. Hann segir, að ákærði hafi hvað eftir annað vaðið að sér, er hann var að klæða sig, og sagt, að hann væri glæpamaður, sannur að sök, ætti að fara í steininn, hann myndi sjálfsgagt kannast við tugthúsið á Skólavörðustíg. Þegar hann, ákærði og götulögreglumennirnir hafi verið að fara út úr húsinu Spítalastíg 7, kveðst hann hafa ætlað að biðja Pál Magnússon að útvega sér vernd, og hafi ákærði þá þekað honum samtundis út úr dyrunum. Er komið hafi verið inn í skrifstofuherbergi ákærða, hafi ákærði reynt að kúga sig til að skýra frá, hvar hann hefði verið aðfaranótt þriðjudags 17. jan., kl. 24. Kveðst hann hafa sagt ákærða, að hann myndi það ekki. Kveður hann ákærða hafa sagt sig ljúga þessu, og ef hann ekki játaði, yrði honum ekki sleppt, en farið með hann upp í tugthús, hann myndi vita, hvað það hefði í för með sér fyrir prest. Páll hafi nú komið inn í herbergið og hafi ákærði skýrt Páli frá mála-vöxtum, en hann látinn fara fram á ganginn á meðan, en þar á eftir hafi ákærði sagt honum, að sakarefnið væri það, að hann hefði aðfaranótt þriðjudags 17. jan., um kl. 1, gert tilraun til að brjótast með valdi inn til Helgu Bachmann, sem búi á Óðinsgötu, og aftur þessa nótt, um kl. 1. Kveðst hann hafa rétt upp þrjá fingur og sagzt vinna sáluhjálpareið að því, að honum hafi ekki svo mikið sem dottið Helga Bachmann í hug, frá því hann kom í bæinn þá ½ mánuði áður. Þegar Páll hafði farið fram á ganginn, kveður hann ákærða hafa snúið sér að sér mildari í máli og sagt, að þetta þyrfti ekkert að hafa í för með sér fyrir hann, ef hann aðeins játaði sök sína. Það yrði þá sennilega þaggað niður, annars yrði farið með hann í „steininn“, en það myndi þýða hempumissi fyrir hann. Kveðst hann þá hafa sagt við ákærða, að ekki kæmi til mála, að hann játaði neitt á sig, er hann hefði ekki aðhafzt. Hafi þá ákærði þrifið í öxl honum og sagt, að hann skyldi verða að játa, áður en lyki.

Sigríður Pétursdóttir skýrir svo frá, að kl. liðlega 1.30 aðfaranótt 19. jan. s.l. hafi síminn á heimili hennar hringt. Hafi maður verið í símanum, er hafi sagt: „Lögreglan hérna megin“. Hafi maður þessi byrjað á því að spyrja, hvort Pétur Magnússon væri heimilismaður hjá henni, en hún kveðst hafa svarað því, að svo væri ekki, en séra Pétur hefði herbergi á Spítalastíg 7. Kveðst hún hafa spurt, hvort eitthvað hefði komið fyrir, og hafi þá maður þessi sagzt ætla að handtaka séra Pétur. Kveðst hún

þá hafa sagt: „Ætlið þér að handtaka séra Pétur Magnússon frá Vallanesi? Er það ekki einhver annar, sem þér eigið við?“ Hafi maðurinn svarað neitandi, en endurtekið, að hann ætlaði að handtaka séra Pétur Magnússon. Hún gæti skrifað niður nafn hans. Hann hétí Guðmundur Arngrímsson. Hún kveðst hafa spurt mann þenna, hvort hann vildi ekki bíða í símanum, meðan hún næði í mann sinn, en ákærði hafi þá svarað því, að maður hennar gæti talað við sig næsta morgun kl. 10. Hún kveður mann sinn, Pál Magnússon, nú hafa komið í símann og talað við ákærða. Hún kveður mann sinn hafa svo nokkru seinna hringt til sín frá lögreglustöðinni og tjáð henni, að séra Pétur hafi verið tekinn fastur fyrir innbrot og þjófnað. Seinna um nóttina hafi hann hringt aftur og spurt, hvort hún myndi, hvar séra Pétur hefði verið mánudagskvöldið 16. jan. Segist hún hafa svarað því, að þau hefðu verið öll heima á mánudagskvöldið, hún, Páll og séra Pétur.

Páll Magnússon lögfræðingur skýrir svo frá, að er hann kom í símann heima hjá sér aðfaranótt 19. jan. og talaði við ákærða, hafi ákærði sagt, að hann ætlaði að taka séra Pétur fastan. Kveðst hann hafa spurt ákærða um ástæðuna fyrir handtökunni og hafi ákærði sagt, að hann gæti ekki skýrt frá henni að svo stöddu, en Páll gæti komið til þeirra á lögreglustöðina, að því er honum skildist, eftir 20 mínútur. Þegar hann hafi komið á Spítalastíg 7, hafi þeir ákærði, séra Pétur og götulögrelþjónarnir verið að fara út úr húsinu. Segir hann, að sér hafi orðið fyrst að orði, að þeir skyldu vera stilltir. Þetta myndi allt upplýsast á sínum tíma. Þegar hann hafi komið niður á Frikirkjuveg 11, kveðst hann hafa farið rakkleitt inn í skrifstofuherbergi ákærða. Kveðst hann hafa spurt, hvað væri um að vera. Hafi ákærði þá látið séra Pétur fara fram á gang, því hann hafi ætlað að skýra sér einum frá málavöxtum. Hafi ákærði svo byrjað á því að segja, að séra Pétur hafi verið staðinn að því að gera tilraun til að brjótast inn um glugga á húsi við Óðinsgötu til stúlku, sem hétí Helga Bachmann, aðfaranótt þriðjudags 17. jan. og aftur kl. 1 þá um nóttina, og hafi ákærði sjálfur sagzt hafa mætt séra Pétri fullum og syngjandi um kl. 12 aðfaranótt þriðjudags 17. jan. og að margir sjónarvottar hafi verið að þessu, og eitthvað hafi ákærði minnzt á fingraför séra Péturs á glugganum, sem auðveldlega myndu sanna sök séra Péturs. Hafi ákærði staðhæft, að ekkert væri annað fyrir séra Pétur að gera en að meðganga þetta allt þegar í stað, því að það eitt gæti forðað honum frá tughúsinu og því stórhneyksli, er hlytist af uppljóstrun málsins. Hann segir ákærða þegar hafa farið að tala um stöðu séra Péturs og það, að séra Pétur hafi verið frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins, og hafi talið, að yfir þessu yrði þagað þess vegna, ef séra Pétur játaði allt þegar í stað skilyrðislaust, ella yrði farið með séra Pétur þá þegar upp á Skólavörðustíg 9 í fangahúsið.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, skýrir svo frá, að hann hafi verið vakinn með símahringingu um kl. 3 aðfaranótt 19. jan. s.l. Hafi Páll Magnússon verið í símanum og beðið hann að koma sem skjótast niður á skrifstofu rannsóknarlögrelgunnar, vegna þess að séra Pétur hafi verið

handtekinn. Þegar hann hafi komið þangað, hafi ákærði skýrt sér frá, að séra Pétur hefði verið tekinn, vegna þess að hann væri sakaður um að hafa komið á glugga í húsi við Óðinsgötu hjá einhverri stúlku, dóttur Hallgríms Bachmanns, kl. rúmlega 1 þá um nóttina, og hafi þetta komið fyrir áður, aðfaranótt þriðjudags 17. jan. um sama leyti, og að ákærði hafi þá sjálfur mætt séra Pétri fullum og sönglandi kl. 12 á miðnætti. Kveður hann, að aldrei hafi verið talað um annað kvöld þarna, svo hann heyrði, en mánudagskvöldið, nema þegar talið hafi borizt að miðvikudagskvöldinu, segist honum hafa skilizt, að ákærði ætlaði að setja séra Pétur í gæzluvarðhald, og kveðst þá hafa sagt við ákærða, hvort ekki væri best að láta málið biða til morguns, og hafi ákærði strax fallizt á það. Hafi klukkan þá verið milli 3.30 og 4. Hann segir, að á eftir, er hann hafi ekið ákærða niður á lögreglustöð, hafi ákærði talað við sig um, að best væri að láta mál þetta falla niður og að hann ætlaði að tala við lögregluþjónana, sem vissu um þetta, og brýna fyrir þeim að tala ekki um málið úti í frá. Hann segir, að sér hafi virzt ákærði nokkuð æstur, en ekki ókurteis í orðum, svo hann heyrði.

Friðrik Garðar Jónsson lögreglumaður skýrir svo frá, að þegar ákærði talaði við þá götulögglumennina á Óðinsgötunni aðfaranótt 19. jan., hafi ákærði skýrt þeim frá, að sterkur grunur lægi á því, að þetta væri séra Pétur Magnússon, er hefði verið þarna. Þegar þeir ákærði og götulögglumennirnir hafi komið inn í herbergi séra Péturs, hafi ákærði strax kynnt sig sem Guðmund Arngrímsson rannsóknarlögglumann en séra Pétur ekki virzt trúa því, og hafi þá ákærði endurtekið þetta og að hann rannsakaði ýmis sakamál og nefnt í því sambandi innbrot og þjófnað. Hafi ákærði beðið séra Pétur kurteislega að klæða sig og flýta sér. Hafi séra Pétur þá farið að klæða sig og spurt, hvort eitthvað sérstakt væri að, en ekki kveðst hann muna, hvernig orð féllu af hendi séra Péturs, og einnig hafi séra Pétur spurt ákærða, hvort þetta væri sérstök ofsókn gegn sér. Segir hann, að ákærði hafi ekki viljað skýra séra Pétri frá því þarna, hvað það væri, sem séra Pétri væri gefið að sök. Hafi séra Pétur sagt, að sig gæti grunað, að þetta væru dulbúnir lögglumenn, og hafi ákærði svarað því, að séra Pétur myndi sjá það, er þeir kæmu niður á lögreglustöð. Hann segir, að er séra Pétur hafi verið langt kominn að klæða sig, hafi ákærði beðið sig að fara yfir í næstu íbúð til að spyrjast fyrir um, hvort fólkíð þar gæti gefið nokkrar upplýsingar um, hvenær séra Pétur hefði komið heim. Kveðst hann hafa hitt fyrir stúlku, er sagðist hafa litið út um eldhúsglugga íbúðarinnar kl. rúmlega 12 og séð þá ljós í herbergi séra Péturs. Hann kveðst ekki minnast, að ákærði spyrði sig, hvers hann hefði orðið vísari, en það gæti þó verið, en ákærði kveðst hafa spurt hann um þetta, er þeir voru komnir í bílinn, en sér hafi skilizt á Friðrik, að stúlkan hafi ekki verið örugg.

Friðrik kveður ákærða hafa sagt, er séra Pétur var að leita að nærboxum sínum, að ef séra Pétur ekki flýtti sér, yrði hann tekinn eins og hann stæði. Hann kveður, að umrætt kvöld hafi ákærði ekkert skýrt sér frá málavöxtum annað en það, að séra Pétur hefði verið þarna heima við

húsið Óðinsgötu 18, og hann kveðst ekkert hafa spurzt nánar fyrir um það. Segir hann, að það sé oft, að rannsóknarlögreglan biðji götulögregluna um að handsama menn, sem rannsóknarlögreglan þurfi að ná í til yfirheyrslu og rannsóknar. Segir hann, að götulögreglunni sé þá frekar lítið skýrt frá málavöxtum, og telji hann, að rannsóknarlögreglan beri þá alla ábyrgð. Hann segir sér hafi aldrei virzt ákærði vera neitt æstur umrædda nótt, en ákveðinn, og framkoma hans hafi verið eðlileg.

Hann kveðst hafa verið foringi götulögreglumannanna, er voru með ákærða í þetta skipti.

Indriði Aðalsteinn Jóhannsson lögreglumaður skýrir svo frá, að hann hafi heyrt, er ákærði hringdi frá lögreglustöðinni aðfaranótt 19. jan., að hann hélt heim til Páls Magnússonar. Hafi ákærði spurt í símanum, hvar séra Pétur ætti heima, og muni hafa fengið það upplýst. Hafi þá sá, er við ákærða talaði, spurt að einhverju, og hafi þá ákærði sagt: „Ég ætla að handtaka séra Pétur.“ Hafi þá ákærði virzt spurður að því í símanum, út af hverju ætti að handtaka séra Pétur, og hafi ákærði svarað, að hann gæti ekki skýrt frá því í símanum, en viðkomandi gæti fengið upplýsingar um það næsta morgun á skrifstofu ákærða hjá sakadómara. Hann segir, að ákærði hafi sagt, er hann kynnti sig heima hjá séra Péttri, að hann ynni að rannsókn þjófnaða og ýmissa sakamála. Séra Pétur hafi eitt sinn spurt þá lögreglumennina, hvort þeir væru íslenskir lögreglumenn, og hafi Friðrik Jónsson svarað því, að hann þyrfti ekki að efast um það. Hann kveðst ekki hafa tekið eftir, að séra Pétur hrasaði eða honum væri hrint við lögreglubifreiðina á Spítalastígnum. Hann kveður ákærða einu sinni hafa spurt séra Pétur að því, er séra Pétur var að klæða sig, hvort hann vissi, hvar fangahúsið væri, og hafi séra Pétur svarað því játandi, en ekki kveðst hann muna, í hvaða sambandi ákærði spurði um þetta.

Hann kveður sér hafi ekki virzt ákærði neitt æstur umrædda nótt, en ákveðinn, og honum hafi virzt ákærði mjög kurteis við séra Pétur.

Gestur Sofonías Sveinsson lögreglumaður hefur skýrt svo frá, að ákærði hafi strax kynnt sig, er hann kom inn í herbergi séra Péturs, sem Guðmund Arngrímsson rannsóknarlögreglumann og hafi beðið séra Pétur að gera svo vel að klæða sig. Hann kveður sig minna, að séra Pétur hafi spurt ákærða, er hann var byrjaður að klæða sig, hvernig á þessari næturheimsókn stæði, og hafi þá ákærði svarað, að frá því yrði skýrt síðar. Hann segir, að séra Pétur hafi sagt inni í herbergi hans, í það minnsta tvisvar eða þrisvar, að þeir lögreglumennirnir væru kommúnistar eða kommúnistiskir samsærismenn, sem sendir væru til árásar á þjóðkirkjuna eða á hann sem prest þjóðkirkjunnar, og hafi allt tal séra Péturs verið í þeim anda, að þeir lögreglumennirnir væru kommúnistiskir samsærismenn og að hann gerði lítið úr lögreglumönnum. Þegar Páll kom þarna um nóttina á Spítalastíg 7, segir hann, að Páll hafi sagt við séra Pétur, að hann skyldi taka þessu rólega og fara með lögreglumönnum. Þegar lögreglubifreiðin hafi komið niður á lögreglustöð frá Spítalastíg 7, kveðst hann hafa lítið á klukkuna, og hafi hana þá vantað 20 mín. í þrjú.

Hann kveður ákærða aldrei hafa skipað séra Pétri að koma með honum, heldur beðið hann um það, og séra Pétur hafi farið með þeim af fúsum vilja. Hann kveðst ekki hafa séð séra Pétur hrasa við lögreglubílinn eða að honum væri hrint. Framkoma ákærða hafi verið í alla staði óaðfínnaleg þessa nótt.

Sigurjón Á Ingason lögreglumaður hefur skýrt svo frá, að sig minni, að ákærði bæði séra Pétur, er þeir lögreglumennirnir komu inn í herbergi séra Péturs, að gera svo vel að klæða sig strax. Hafi séra Pétur þá spurt eitthvað á þá leið, hvaða mál hann rannsakaði, og segir hann sig minna, að ákærði hafi svarað því til, að hann rannsakaði þjófnaðarmál og innbrot, segir sér hafa skilizt, að ákærði fengist yfirleitt við rannsókn slíkra mála hjá rannsóknarlögreglunni. Hann kveður séra Pétur hafa kallað þá lögregluþjónana dulbúna kommúnista og einkum beint orðum sínum að ákærða. Hann kveðst ekki hafa séð ljóslega, er séra Pétur hafi dottið við lögreglubifreiðina, en sér hafi virzt ákærði í því bili lyfta undir hægri handlegg séra Péturs. Þegar yfirheyrslan hafði farið fram á Frikirkjuvegi 11, hafi hann heyrt fram á ganginn, að Páll Magnússon sagði einu sinni, að ákærði væri ekki hæfur til að vera í þessari stöðu. Hann kveður Pál hafa komið fram á ganginn og spurt, hvort ákærði væri með öllum mjalla. Hann kveður framkomu Páls niðri á Frikirkjuvegi 11 hafa verið mjög slæma, hann hafi verið mjög æstur og hafi viðhaft svívirðingar, en man ekki eftir neinum orðum. Hann kveðst tvisvar eða þrisvar hafa látið Pál setjast, vegna þess að Páll óð alveg að ákærða með kreppta hnefa. Hann kveður klukkuna hafa vantað um eitt kortér í fjögur, er yfirheyrslunni lauk og þeir lögregluþjónarnir gengu út úr Frikirkjuvegi 11. Hann kveður framkomu ákærða þarna um nóttina hafa verið eðlilega.

Einar Halldórsson lögreglumaður hefur skýrt svo frá, að hann hafi heyrt eitt sinn frammi í gangi á Frikirkjuvegi 11 aðfaranótt 19. jan. s.l., að Páll hafi sagt mjög hátt inni í skrifstofuherbergi ákærða, að ákærði væri ekki hæfur í sínu starfi, og hafi þá verið barið í borðið inni og stappað í gólfíð og hafi Páll komið fram á ganginn og spurt þá götulögreglumennina, hvort ákærði væri með fullum sönsum. Hann kveður Pál hafa spurt ákærða að því, er hann kom inn í herbergið aftur, hvort séra Pétur væri búinn að fá vatn að drekka, og hafi ákærði svarað því neitandi. Hann kveðst hafa heyrt, er Páll hringdi heim til konu sinnar og hafi Páll spurt hana, hvort þeir séra Pétur hefðu ekki verið á einhverjum stað, sem hann man ekki, hver var, ákveðið kvöld, en ekki kveðst hann muna, hvaða kvöld Páll hafi nefnt. Hann kveðst ekki hafa heyrt ákærða tala við þá séra Pétur og Pál, nema um eitt kvöld, auk miðvikudagskvöldsins 18. jan. Hitt kvöldið hafi verið sunnudags- eða mánudagskvöld. Hann kveður sig minna, að áður en ákærði og séra Pétur fóru fyrst inn í skrifstofuherbergi ákærða, hafi séra Pétur talað um, að þetta væri kommúnistiskt samsæri, hann væri ekki viss um, hvort hann væri í höndum lögreglunnar; og séra Pétur hafi spurt, út af hverju það væri, sem hann væri þarna, og minnr hann, að ákærði hafi svarað því, að þeir myndu

ræða málið, er þeir kæmu inn í skrifstofuherbergi ákærða. Hann kveður ákærða aldrei hafa talað við sig, svo hann heyrði, um að setja séra Pétur í gæzluvarðhald, og sér hafi fundizt, að til þess myndi aldrei koma. Hann segir, að Páll Magnússon hafi, er hann kom inn í herbergi ákærða, eftir að hafa farið fram á ganginn, verið hávær og hafi Sigurjón Ingason beðið Pál að minnsta kosti tvisvar að setjast niður. Hann kveður Pál hafa viðhaft ýmis stóryrði um ákærða, en kveðst ekki muna, hvaða orð það voru, sem Páll notaði. Hann kveður sér hafa virzt ákærði vel stilltur eftir öllum aðstæðum þarna niðri á Frikkirkjuvegi 11 um nóttina.

Björn Jónsson lögreglumaður hefur skýrt svo frá, að er þeir götulög-reglumennirnir komu á Óðinsgötu 18 A aðfaranótt 19. jan. s.l., hafi stúlka sú, er þeir töluðu við (Helga Bachmann), ekkert minnzt á það, að nokkurn tíma hefði verið reynt að komast inn til hennar að næturlagi.

Trausti Eyjólffsson lögreglumaður segir, að er ákærði kom til þeirra götulögreglumannanna á Óðinsgötunni aðfaranótt 19. jan., hafi ákærði verið mjög ákveðinn og talsvert æstur, en við sampröfun við ákærða kveður hann e. t. v. sé þetta ofmælt hjá sér, að ákærði hafi verið æstur, en ákærði hafi verið mjög ákveðinn og talað hratt.

Elsa Jóna Theódórsdóttir, Spítalastíg 7, hefur skýrt frá því, að eftir að lögreglumennirnir höfðu farið inn til séra Péturs á Spítalastíg 7, hafi einn lögreglumannanna bankað þar á eldhúsið og spurt, hvort nokkur gæti gefið upplýsingar um, um hvert leyti séra Pétur hefði komið heim. Kveðst hún hafa sagt lögreglumanninum, að séra Pétur hafi verið heima um kl. 12. Hún kveðst hafa heyrt, er Páll Magnússon kom inn í forstofuna, er þeir ákærði, götulögreglumennirnir og séra Pétur voru að fara út, að séra Pétur hafi tjáð Páli, að verið væri að taka sig fastan fyrir eitthvað, sem hann ekki vissi, hvað væri. Kveður hún Pál hafa sagt við séra Pétur, að hann skyldi vera rólegur, ekki væri um annað að gera en fara með lögreglunni.

Í málinu liggur fyrir yfirlýsing, dags. 23. febr. 1950, frá sakadómaranum og lögreglustjóranum í Reykjavík um, að þegar um samstarf rannsóknarlög-reglu og götulög-reglu hafi verið að ræða eftir beiðni rannsóknarlög-reglunnar, hafi sú venja verið ríkjandi, að rannsóknarlög-reglan hafi haft stjórn lög-regluaðgerðanna á hendi.

Samkvæmt því, er að framan greinir, er upplýst í málinu, að ákærði hefur framkvæmt ólöglega handtöku á séra Péttri Magnússyni aðfaranótt 19. jan. s.l. og hefur með því brotið 131. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 1940. Þykir refsing ákærða með tilliti til þess, að hann hefur látið af störfum í rannsóknarlög-reglunni vegna máls þessa, hæfilega ákveðin kr. 1000.00 í sekt til ríkissjóðs, er afplánist með varðhaldi í 10 daga, verið hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja. Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin máls-varnarlaun skipaðs verjanda hans hér fyrir réttinum, hrl. Sigurðar Óla-sonar, kr. 1000.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

## Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Arngrímsson, greiði kr. 1000.00 í sekt til ríkissjóðs, er afplánist með varðhaldi í 10 daga, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans hér við réttinn, hrl. Sigurðar Ólasonar, kr. 1000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. febrúar 1951.

Nr. 130/1949. **Helgi Benediktsson** (Guttormur Erlendsson)  
 gegn  
**Bankaráði Landsbanka Íslands**  
**f. h. Stofnlánadeildar sjávarútvegsins**  
 (Einar B. Guðmundsson).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson  
 í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Um rétt manns til láns samkvæmt lögum nr. 41/1946.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. september 1949, gerir þær dómkröfur, að stefnda verði, að viðlögðum dagsektum samkvæmt mati Hæstaréttar, dæmt skylt að lána áfrýjanda kr. 1.200.000.00 gegn 1. veðrétti í v/s Helga Helgasyni, V.E. 343, og verði kr. 480.000.00 af þeirri lánsfjárhæð A-lán samkvæmt lögum nr. 41/1946, en kr. 720.000.00 B-lán. Lánstíminn verði 20 ár, afborguninni hagað samkvæmt 9. gr. fyrrnefndra laga og vextir 2½% p. a. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Málsatvikum er ýtarlega lýst í héraðsdómi, og eru þau í